

UM
HJÁTRÚ OG FJÖLKYNGI
UPPRUNA ÞESS OG ÚTBREIÐSLU
eftir
STEFÁN SIGFÚSSON.

GALDRAMÁLA TÍMABILIÐ

Petta tímabil er eitt með því svartasta í sögu Norðurálfunnar, og aldrei hefir maðurinn fyr né síðar verið jafn örsneiddur vitsmunalegri heilbrigði né ofurseldur hjátrú og hleypidóum sem þá. Djöflar og illvætti gengu ljósum logum. Frá öllum pré dikunarstólum kyrkjunnar svo öldum skiftir verður aðalkenningin þessi. Uggur og ótti syrir galdranornum og fordæðum er almennur. Klaganir ganga á víxl, svo að þegar einn var sekt- aður um galdur, kærði hann þann, sem ákærði hann, og drögust þannig oft fjölmargir inn í málín, er oftast lyktuðu með brennum eða hengingum.

Hið fyrsta galdramál kemur upp árið 1264 á Suður Frakklandi. Um það skeið og all-lengi síðar var lítið um brennur. En svo fóru menn að sækja sig, eftir því sem lengur leið á og byrjunin var hafin.

Ofsóknirnar byrja bæði gegn sértrúarflokkum, er allir voru nefndir einu nafni villutrúarmenn, og svo gegn hinum ímynduðu galdramönnum, er fóru nú að finnast svo að segja á hverju strái. Fargan þetta var ekki að eins meðal alþýðu manna heldur einnig í hinum æðri stéttum og það allt fram á hinn síðasta tug 17. aldar. Allur sað gauragangur kostaði Norðurálfuna meira blóð, og það saklaust blóð, en öll samtímis stríð og styrjaldir.

Menn trúðu því almennt, að það væri Kólski sjálfur, sem upptökini hefði að öllu fráfalli manna— að þeir gjörðust galdramenn og nornir. Því var almennt trúað, að allir þessir mynduðu skipulegt samfélag, og að hver, sem vildi, gæti í félag þetta gengið, með því að hafna með eiði öllu samfélagi við guð þríeinan og alla góða anda, sverja sig frá trú og skírn, og í einu að- hyllast allt það, sem illt var og öfugt. Þó var þetta ekki ein-